



**Evrópumeistarar** Portúgal varð Evrópumeistari í knattspyrnu í gær eftir 1-0 sigur á Frakklandi í framlengdum úrslitaleik. Portúgal hefur aldrei áður unnið EM en einu sinni áður leikið til úrslita. Árið 2004 tapaði liðið gegn Grikkjum. Stjörnuleikmaðurinn Cristiano Ronaldo fagnaði ákaft en hann fór meiddur af velli í fyrri hálfleik. *MYND/EPA.*

## Opna miðstöð fyrir þolendur ofbeldis

Ný miðstöð sem er sameiginlegt verkefni ríkis, Reykjavíkurborgar og grasrótarsamtaka er ætlað að auka þjónustu við breiðan hóp þolenda ofbeldis. Stefnt er að því að opna þjónustumiðstöðina á þessu ári og verður þjónustan þolendum að kostnaðarlausu.

**SAMFÉLAG** Í nýrri þjónustumiðstöð sem verður opnuð á árinu mun stór hópur fagaðila þjónusta þolendur ofbeldis þeim að kostnaðarlausu.

Áhersla verður lögð á stuðning í fjölskylduvænu og heimilislegu umhverfi fyrir þolendur ofbeldis í nánú sambandi og kynferðisofbeldis.

Einnig verður þar til staðar stuðningur og ráðgjöf fyrir aldraða og fatlað fólk sem hefur orðið fyrir ofbeldi, svo og þolendur mansals.

Stofnun miðstöðvarinnar er ein af afurðum samvinnu milli ráðuneyta, borgar og grasrótarsamtaka. Eycló Harðardóttir, félagsmálaráðherra segir stöðina bæði að innlendri og erlendri fyrirmynd.

„Verkefni lögreglunnar og félagsþjónustunnar gegn heimilisofbeldi hefur sýnt okkur hvað samstarf skiptir miklu máli og sannað þörfina á að það sé einn staður til þangað sem þolandi ofbeldis getur leitað eftir aðstoð,“ segir Eycló.

Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi Vinstri grænna segir að með opnun miðstöðvarinnar verði þjónusta

**Verkefni lögreglu og félagsþjónustunnar hefur sýnt okkur hvað samstarf skiptir miklu máli.**

Eycló Harðardóttir, félagsmálaráðherra



við þolendur ofbeldis gjörbreytt og samhæft átak fagaðila.

„Með þessu axlar samfélagið ábyrgð. Í dag ríkir ekki mikið traust á milli þolenda ofbeldis og hins opinbera og þolandi þarf að sækja sér nauðsynlega þjónustu á mörgum stöðum, þessu verður gjörbreytt,“ segir Sóley.

– **kgb / sjá bls 4**

### Beckham-hjónin farin

Hjónin Victoria og David Beckham eru farin af landi brott eftir viðburðaríka langa helgi á Íslandi. Gestgjafar þeirra voru hjónin Björgólfur Thor Björgólfsson og Kristín Ólafsdóttir. Beckham-hjónin gerðu sér meðal annars ferð í Þríhnjúkagig, þar fengu þau einkatónleika ásamt sonum sínum. Það voru þau Sigríður Thoralacius og Guðmundur Óskar Guðmundsson, meðlimir í Hjaltalín sem spiluðu í gignum. Þá skellti David sér í veiði og landaði laxi.

– **gi / sjá síðu 24**



### Ekki meirihluti fyrir búvörusamningunum

**LANDBÚNAÐUR** Fyrir liggur að breytingar verði gerðar á nýjum búvörusamningum í meðförum Alþingis. Samtöl Fréttablaðsins við þingmenn benda til þess að ekki sé meirihluti fyrir samningunum eins og þeir liggja fyrir nú en margir stjórnmálsmenn segjast ekki munu samþykkja þá að óbreyttu.

Búvörusamningar Bændasamtaka Íslands og atvinnuvegaráðuneytisins voru undirritaðir í febrúar. Þó það hefur verið til kosninga í haust en samningarnir eru eitt þeirra stóru mála sem þingmenn Framsóknar leggja áherslu á að klára fyrst.

Magnatollar á osti verða færðir til þess sem þeir voru árið 1995. Samkvæmt Viðskiptaráði Íslands jafngildir það hækkun úr 480 krónum á kíló í rúmar 1.000 krónur á kíló

**Við ættum að setja okkur metnaðarfyllri markmið þegar kemur að þessari atvinnugrein varðandi gæði og heilnæmi vörunnar.**

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins



fyrir erlenda osta. Þetta samræmist ekki nýjum tollasamningi Íslands við Evrópusambandið. Sá samningur gerir ráð fyrir að tollfrjáls innflutningskvóti á ostum verði aukinn verulega. – **snæ / sjá síðu 8**

#### Fréttablaðið í dag

**LÍFID** Stuttmyndin Islanders byggir á reynslu leikstjórans og dagbókum. **26**



**SKOÐUN** Ingimar Karl Helgason skrifar um MS og sekt Samkeppniseftirlitsins. **13**

**SPORT** Ásdís Hjalmsdóttir endaði í 8. sæti á EM. **14**

**TÍMAMÓT** Útvarp Matthildur fór fyrst í loftið fyrir 45 árum. **26**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • LÍFID**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Endalaust 365



**NET**  
**1.000 KR.\***  
ÓTAKMARKAÐ  
GAGNAMAGN

\*Fylgir með völdum tilboðspökkum. Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is

1817 | 365.is

## Veður



Það verður áfram norðaustanátt í dag, 8-13 um landið norðvestanvert en annars hægar. Súld eða dálítil rigning norðan- og austanlands, en dálítlar síðdegisskúr sunnanlands. Hiti 6 til 16 stig, hlýjast suðvestantil á landinu.

**SJÁ SIÐU 18**

## Viðræður við Breta í forgang hjá EFTA

**UTANRÍKISMÁL** Of snemmt er að segja til um hvers konar viðskiptasamningur verður fyrir valinu milli Íslands og Bretlands. Þetta segir Lilja Dögg Alfreðsdóttir utanríkisráðherra sem bendir á að Íslendingar þurfi að nýta sér formennsku í EFTA í viðræðunum og hefur óskað eftir að málið verði í forgangi.

» Lilja segir möguleika á að gera tvíhliða viðskiptasamninga við Bretland eða samninga í gegnum EFTA.

Lilja Dögg og Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra voru fulltrúar Íslands á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins sem fram fór í Varsjá um helgina. Lilja Dögg átti fund með Philip Hammond, utanríkisráðherra Breta, þar sem sameiginlegir viðskiptahagsmunir þjóðanna voru ræddir. Lilja segir að í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslunnar þar sem Bretar samþykktu að ganga úr Evrópusambandinu séu þeir nú að fara gaumgæfilega yfir sína stöðu og víða að sér upplýsingum um viðskiptasamninga annarra þjóða. – æ

## Enn á gjörgæslu eftir bísllys

**SLYS** Karlmaður sem var fluttur alvarlega slasaður á slysadeild eftir umferðarslys á föstudag er ennþá á gjörgæslu Landspítalans. Slysíð varð við Mjódd í Reykjavík en tveir voru fluttir slasaðir á sjúkrahús. Slysíð atvikaðist þannig að starfsmaður á dráttarbil var að fjarlægja kyrrstæðan bíl á veginum þegar öðrum bíl var ekið aftan á bílinn. Reykjanesbraut var lokað í tvo tíma á meðan vinna á vettvangi stóð yfir, en hann var opnaður stuttu síðar. – ngy

## Portúgalskir stuðningsmenn áberandi á EM-torginu



**Hlátur og grátur á Ingólfstorgi** Stuðningsmenn bæði portúgalska og franska landsliðsins komu sér vel fyrir á EM torginu svokallaða á Ingólfstorgi þegar úrslitaleikur Evrópumótsins fór fram. Portúgalar fóru með sigur af hólmi en stuðningsmenn þeirra fögnuðu vel og innilega og voru sérstaklega skrautlegir. Fótboltaáhugamenn alls staðar að, bæði íslenskir og erlendir sameinuðust yfir leiknum í gær og skemmtu sér vel. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

## Miklar óeirðir í Berlínarborg

**ÞÝSKALAND** Yfir 120 lögreglumenn eru slasaðir eftir óeirðir í austurhluta Berlínar í Þýskalandi í gær.

Mótmælendur komu saman til þess að mótmæla svokallaðri miðstéttarvæðingu Friedrichshain-hverfisins í Berlín þegar óeirðir brutust út. Frá þessu er greint á vef BBC.

Í kringum 3.500 mótmælendur voru á svæðinu og voru sumir grímuklæddir og köstuðu margir hverjir öllu lauslegu í átt að lögreglu sem fjölmennti vegna mótmælanna. Um 1.800 lögreglumenn tóku á mótmælendunum og voru 86 sex af þeim handteknir.

Spenna hefur magnast í hverfinu frá því í júní þegar að hústökufólki var gert að yfirgefa byggingar í hverfinu en mikil uppbygging hefur átt sér stað þar undanfarin ár. Mótmælin eru talin þau verstu í Berlínarborg undanfarin fimm ár.

– ngy

# Holugeitungurinn sést lítið þetta sumarið

Lítið sem ekkert hefur sést í holugeitunga það sem af er sumri. Erling Ólafsson skordýrafræðingur segist ekki vita ástæðuna en heldur að þeir láti sjá sig þegar líður á sumarið. Holugeitungar eru kvikir og er auðvelt að fá þá upp á móti sér.

**NÁTTÚRA** „Þetta er örugglega í hag þeirra sem hræðast geitunga en ef menn verða ekki varir við það sem þeir hræðast er það alltaf gott,“ segir Erling Ólafsson, skordýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, en sú óvanalega staða er komin upp að lítið sem ekkert hefur sést í holugeitunginn það sem af er sumri.

„Það er lítið farið að bera á honum. Það á þó líklega eftir að hressast eitthvað þegar líður á sumarið,“ segir Erling en það eru einungis trjágeitungarnir sem eru sýnilegir núna.

Munurinn á þessum tveimur tegundum geitunga er einkum sá að trjágeitungar eru árasargjarnir þegar þeir eru ónáðaðir við búin og geta þá stungið, en þeir eru þó yfirleitt til friðs. Holugeitungar eru kvikir og er auðvelt að fá þá upp á móti sér. Þeir sækja í mat og drykki fólks sem situr úti í garði. Akveði þeir að ráðast til atlögu stinga þeir sér gjarnan inn undir fót, upp í ermar og ofan í hálsnál til að athafna sig.

Erling segist ekki vita ástæðu þess að holugeitungarnir séu ekki komnir á stjá. „Ef eitthvað gengur á í náttúrunni er yfirleitt eitthvað flókið á bak við það og það er ekki ein skýring á neinu. Náttúran er stórt samspil þar sem eitt leiðir af öðru,“ segir Erling og bætir við að holugeitungurinn hafi átt erfitt á Íslandi undanfarin ár og mögulega sé ástæðan sú að Ísland sé einfaldlega ekki landið fyrir hann. „Hann er kannski bara farinn að fatta það. Við skulum vona að svo sé.“

Á vef Náttúrufræðistofnunar segir að holugeitungur sé tvílitur, svartur og gulur. Hann þekktist meðal ann-



Lítið hefur sést til holugeitungsins það sem af er sumri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARDUR

ars á örvarlaga svörtum bletti á gulu andliti og jafnbreidum, gulum, hliðstæðum röndum á frambol. Trjágeitungar séu hins vegar dekkri en aðrir geitungar og þekktist meðal annars á rauðleitum bletti framarlega á hliðum afturbols.

nadine@frettabladid.is

## Geitungabú holugeitunga vel falin

Bú trjágeitunga eru oftast berskjölduð og hanga í trjám eða runnum en bú holugeitunga eru oftast vel falin til dæmis í holum í jörðu eða innanhúss á háaloftum.



**Án parabena**  
DAGKREM  
ANDLITIÐ  
GAMLA APÓTEKIÐ  
Fæst í öllum helstu apótekum

# SAMSUNG S7 HJÁ NOVA!

**1 GB**  
netnotkun eða  
**1.000 kr.**  
á mán. í 6 mán.  
fylgir!

**1 GB**  
netnotkun eða  
**1.000 kr.**  
á mán. í 6 mán.  
fylgir!

**SAMSUNG S7  
PINK GOLD  
FÆST AÐEINS  
HJÁ NOVA!**

**Samsung Galaxy S7 edge 32 GB**

**129.990 kr.** stgr.

Nýir litir: bleikur og silfur

Fæst einnig í greiðsludreifingu

**Samsung Galaxy S7 32 GB**

**109.990 kr.** stgr.

Nýir litir: bleikur og silfur

Fæst einnig í greiðsludreifingu

**Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | Facebook | Twitter

**NOVA**

## Forseti bæjarstjórnar ætlar ekki að skera niður í Reykjanesbæ

**REYKJANESBÆR** Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur óskað eftir frekari fresti til að taka afstöðu til tillögu um að bæjarfélaginu verði skipuð fjárhaldsstjórn.

Reykjanesbær hefur um langt skeið verið í viðræðum við kröfuhafa sína um mögulega niðurfærslu skulda en sveitarfélagið skuldar þeim rúma 40 milljarða króna. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga



Reykjanesbær hefur verið í viðræðum við kröfuhafa sína um mögulega niðurfærslu skulda sem eru meira en 40 milljarðar króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

veitti bæjaryfirvöldum frest til gærdagsins til að taka afstöðu til tillögu nefndarinnar um að bæjarfélaginu verði skipuð fjárhaldsstjórn en bæjarstjórn Reykjanesbæjar óskaði í síðasta mánuði eftir fresti þar sem viðræður við kröfuhafa stæðu yfir.

Guðbrandur Einarsson, forseti bæjarstjórnar, segir sveitarfélagið vinna að svokallaðri aðlögunarskýrslu til eftirlitsnefndarinnar.

Einnig sé unnið að fjárhagsáætlun fyrir næsta ár, ekki sé gert ráð fyrir niðurskurði á þjónustu. „Við gerum ekki ráð fyrir því. Við erum ekki hér til þess að skera niður þjónustu við íbúana. Við vorum kosin til þess að gera eitthvað allt annað. Við erum að vinna samkvæmt því og þetta byggir á að við náum samkomulagi um einhverskonar niðurfærslu,“ segir Guðbrandur. – gag



Elisabet og Arndis Soffia í hótél Fljótshlíð láta matarsóun sig varða og gestir hrifast með.

## Henda eins litlu og mögulegt er

**NÁTTÚRA** Á hótél Fljótshlíð er lifrænn úrgangur vigtaður til að fylgjast með matarsóun. Við getum gert mun meira en við höldum til að draga úr matarsóun í okkar daglega lífi,“ segir Arndis Soffia Sigurðardóttir, eigandi hótelsins. „Fyrst, þegar við höfum rekstur fór afskurður úr eldhúsi í ruslið en mjög fljótlega fórum við að halda öllum lifrænum úrgangi sér. Í dag vígtum við lifrænan úrgang úr eldhúsinu eftir hvern dag og niðurstaðan er sú að nú, á háannatíma, vegur lifrænn úrgangur í kringum 10 kíló á hverjum degi,“ segir Arndis Soffia.

Hluti af átakanu fólst í að gestir hótelsins voru fræddir um magn úrgangs deginum áður og hve margar manneskjur sú þyngd af mat gæti fætt. „Þetta hefur greinilega vakið gesti til umhugsunar þar sem þyngd lifræns úrgangs lækkaði við þetta um 1-2 kíló á hverjum degi,“ segir Elisabet Björney Lárusdóttir, umhverfisstjóri.

Margt fleira er gert til að draga úr magni lifræns úrgangs. „Við hendum ekki beinum eftir úrbeiningu, við búum til soð. Við hendum ekki berjum sem ekki eru nægilega falleg til skreytinga, við búum til sultu. Við hendum ekki afskurði af kartöflum, við steikjum kartöfluflogur o.s.frv. Það sem við getum ekki nýtt fellur hér til dýra, hænsna og grísa, auk þess sem við vinnum mólta til heimaþrúks með lifrænum úrgangi,“ segir Elisabet. – kbg

## Opna þjónustumiðstöð fyrir breiðan hóp polenda ofbeldis

Ný þjónustumiðstöð fyrir polendur ofbeldis verður opnuð á árinu. Miðstöðinni er ætlað að auka þjónustu við breiðan hóp polenda ofbeldis. Miðstöðin er sameiginlegt verkefni ríkis, Reykjavíkurborgar og grasrótarsamtaka. Stór hópur fagaðila þjónustar polendur á einum stað og þeim að kostnaðarlausu.

**SAMFÉLAG** Til stendur að opna þjónustumiðstöð fyrir polendur ofbeldis. Miðstöðin verður sameiginlegt verkefni ríkis, Reykjavíkurborgar og grasrótarsamtaka. Miðstöðinni er ætlað að auka þjónustu við breiðan hóp polenda ofbeldis. Áhersla verður á stuðning í fjölskylduvænu og heimilislegu umhverfi fyrir polendur ofbeldis í nánú sambandi og kynferðisofbeldis. Einnig verði þar til staðar stuðningur og ráðgjöf fyrir aldraða og fatlað fólk sem hefur orðið fyrir ofbeldi, svo og polendur mansals.

Þjónustan verður polendum að kostnaðarlausu.

Stofnun miðstöðvarinnar er ein af afurðum samvinnu milli ráðuneyta, borgar og grasrótarsamtaka.

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra segir stofnun miðstöðvarinnar sé að bæði innlendri og erlendri fyrirmynd. Barnahús og heimilisofbeldisverkefni lögreglunnar og félagsþjónustunnar; Höldum glugganum opnum eru innlendu fyrirmyndirnar. Þær erlendu eru frá Family Justice Center Alliance sem reka slíkar miðstöðvar víða í Bandaríkjunum.

Fulltrúar frá ráðuneytinum, lögreglu, sveitarfélögum og grasrótarsamtökum heimsóttu Family Justice Center í Brooklyn á þessu ári til að kynna sér starfsemi. Miðstöðvarnar þykja hafa gefið afar góða raun og eru t.d. hluti af átaki borgarstjórnar gegn ofbeldi í nánú samböndum í New York. „Eins og í New York, viljum við leggja áherslu á samvinnu fagaðila. Grasrótarsamtök á borð við Stígámót, Samtök um kvennaathvarf og Drekaflóð verða mikilvægir samstarfsaðilar, og þá er mjög mikilvægt að lögreglan



Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi Vinstri grænna segir þjónustumiðstöðina muni gjörbreyta þjónustu til polenda ofbeldis.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Það er samvinnan sem skilar árangri, það var reynslan af fjölskyldumiðstöðvunum í Bandaríkjunum.

Eygló Harðardóttir félags- og húsnæðismálaráðherra



komi að verkefninu. Verkefni lögreglunnar og félagsþjónustunnar gegn heimilisofbeldi hefur sýnt okkur hvað samstarf skiptir miklu máli og sannað þörfina á að það sé

einn staður til þangað sem polandi ofbeldis getur leitað eftir aðstoð,“ segir Eygló. „Þá er félagsþjónustan lykilaðili í þjónustu fjölskyldumiðstöðvarinnar, það þurfa líka að vera góð tengsl við heilbrigðiskerfið, sálfræðipjónusta og samstarf við réttarvörslukerfið,“ segir Eygló.

„Það er samvinnan sem skilar árangri, það var reynslan af fjölskyldumiðstöðvunum í Bandaríkjunum,“ segir hún.

Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi Vinstri grænna segir að með opnun miðstöðvarinnar verði þjónusta við polendur ofbeldis gjörbreytt og samhæft átak fagaðila. „Nú verður hægt að bjóða polanda að sækja sér aðstoð á einum stað. Þar sem hann

hefur aðgengi að þeim sem koma að þessum málum. Með þessu axlar samfélagið ábyrgð. Í dag ríkir ekki mikið traust á milli polenda ofbeldis og hins opinbera og polandi þarf að sækja sér nauðsynlega þjónustu á mörgum stöðum, þessu verður gjörbreytt,“ segir Sóley.

Sóley segir að með auknu samtali ríkis og borgar hafi skapast betri aðstæður til samvinnu. „Í starfi Ofbeldisvarnanefndar í Reykjavíkurborg skapaðist dýrmætt samtal sem hefur bætt aðstæður til samvinnu og þar með bætt þjónustuna,“ segir Sóley.

Vonir standa til að þjónustumiðstöðin opni á þessu ári.

kristjanabjorg@frettabladid.is

## Fiskur vikunnar

11. júlí – 15. júlí



Allur steinbítur, ferskur og kryddlegur

★ 1.690 kr. kg.



Hlíðasmára 8 | Skipholt 70 | Spönginni 13  
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | facebook

Nú er **SYNC II** samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu, **8" snertiskjá** og **íslenskt leiðsögukerfi** einnig hluti af ríkulegum staðalbúnaði



## NÝR FORD FOCUS

➤ Hinn sívinsæli Ford Focus er þekktur fyrir framúrskarandi gæði, frábæra aksturseiginleika og hagkvæmni í rekstri.

Staðalbúnaður Ford Focus er nú enn glæsilegri en áður. Má þar nefna SYNC II samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringinu í 112, íslenskt leiðsögukerfi og 8" snertiskjá.

Ford Focus kemur á 16" álfelgum og er þar að auki búinn Ford MyKey búnaði, upphitanlegri framrúðu, aksturstölvu, leðurklæddu stýrishjóli, loftkælingu, spólvörn, brekkuaðstoð og Ford Easy Fuel® búnaði.

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Focus  
- komdu og prófaðu**

### FORD FOCUS

BEINSKIPTUR

FRÁ **3.350.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **3.550.000** KR.

FÁANLEGUR STATION FRÁ 3.510.000 KR.



[ford.is](http://ford.is)



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17  
Opíð á laugardögum frá og með 6. ágúst

Ný kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína og endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Ford Focus er búinn margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð. ♦ Ford Focus, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur/sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/5,5 l/100 km. CO<sub>2</sub> losun 108/125 g/km. ♦ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## Höfðar mál á hendur BBC

**BRETLAND** Breski söngvarinn Cliff Richard ætlar að höfða mál á hendur breska ríkisútvarpinu BBC og lögregluyfirvöldum í Suður-Yorkshirehéraði í Bretlandi. Frá þessu er greint á vef The Guardian. Hann segir að BBC hafi skaðað mynd sína þegar sýnt var frá því í beinni útsendingu þegar lögregla gerði húsleit á heimili hans árið 2014. Lögreglan var að leita að sönnunargögnum sem lutu að því að hann hefði beitt börn kynferðislegu ofbeldi. Rannsókn málsins tók alls tvö ár en söngvaranum var tilkynnt um það í síðasta mánuði að málið hefði verið látið niður falla vegna skorts á sönnunargögnum. Hvorki lögreglan né BBC vilja tjá sig um málið. – ngy

## Grunaður um fjárdrátt

**LÖGREGLUMÁL** Formaður Landssambands æskulýðsfélaga sagði af sér í vikunni eftir að upp kom grunur um að hann hefði mishöndlað fé félagsins. Stjórn félagsins lítur málið alvarlegum augum og ætlar að leggja fram kærú í komandi viku á hendur formanninum sökum þessa.

Upphæðin sem um ræðir nemur um 400.000 krónum. Málið komst upp eftir að farið var yfir reikninga félagsins en peningarnir hafa verið greiddir til baka að fullu.

Bodað hefur verið til fundar hjá fulltrúaráði sambandsins þar sem nýr stjórnarmeðlimur verður kosinn. – ngy

## Fallist í faðma í Auschwitz-útrýmingarbúðunum



Tilfinningaþrungin stund Justin Trudeau, forsætisráðherra Kanada, faðmar hér hinn kanadíska Nate Leipziger sem lifði af helförina. Leipziger sagði Trudeau sögu sína í gær þegar forsætisráðherrann heimsótti útrýmingarbúðir í Auschwitz-Birkenau í Oswiecim í Póllandi í gær eftir að hafa sótt þing Nató í Varsjá. Trudeau sagði það hafa verið erfiðast að sjá uppstillingu hárs sem rakað hafði verið af fórnarlömbum búðanna. MYND/EPA

# Styttist í skort á flugmönnum með reynslu

Þörf er fyrir 560 þúsund nýja flugmenn í heiminum á næstu 16 árum, þar af 95 þúsund í Evrópu. Skorturinn hefur ekki komið fram hér á landi ennþá. Fleiri flugmenn þurfa að útskrifast, segir upplýsingafulltrúi Icelandair.

**SAMGÖNGUR** Þörf er fyrir 95 þúsund nýja flugmenn í Evrópu á næstu 16 árum. Alls er þörf fyrir yfir 560 þúsund nýja flugmenn um allan heim á tímabilinu, að því er viðskiptavefurinn e24.no hefur eftir félagi norskra flugmanna. Jafnframt kemur þar fram að hörð samkeppni sé fram undan um reynda flugmenn.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir að miðað við vöxt í farþega- og frakktflugi og að stórar kynslóðir flugmanna séu að fara á eftirlaun, hafi verið vitað um árabíl að það stefndi í skort á flugmönnum í heiminum.

„Á Íslandi hefur þessi skortur ekki komið fram enn þá en ljóst er að með vexti íslensku flugfélaganna er þörf á fleiri flugmönnum sem útskrifast úr flugskólunum. Þess sjást þegar merki að aðsókn að flugskólunum hefur aukist. Íslensku flugfélögin hafa jafnframt möguleika á því að ráða flugmenn innan Evrópusambandsins til starfa og alltaf er nokkur áhugi erlendra flugmanna á því að starfa á Íslandi,“ greinir Guðjón frá.

Af fjórum flugskólum á Íslandi útskrifa tveir atvinnuflugmenn, það er Flugskóli Íslands og Flugakademía Keilis. Frá þeim útskrifast nokkrir tugir atvinnuflugmanna á ári.

Að sögn Örnólfs Jónssonar, formanns Félags íslenskra atvinnuflugmanna, starfa rúmlega 400 flugmenn hjá Icelandair í sumar og rúmlega 100 hjá Wow air.

„Það hefur náðst að manna flugvélarnar en það fer að stytta í að það verði skortur á flugmönnum,“ segir Örnólfur. [ibs@frettabladid.is](mailto:ibs@frettabladid.is)



Rúmlega 400 flugmenn starfa hjá Icelandair í sumar og rúmlega 100 hjá Wow air.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Á Íslandi hefur þessi skortur ekki komið fram ennþá en ljóst er að með vexti íslensku flugfélaganna er þörf á fleiri flugmönnum sem útskrifast úr flugskólunum.“

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi hjá Icelandair.



**560** þúsund nýja flugmenn þarfa um allan heim á næstu 16 árum.

**500** flugmenn starfa hjá íslensku flugfélögunum, rúmlega 400 hjá Icelandair og rúmlega 100 hjá WOW air.

**KOLVETNASKERT**

*Nýtt*

með vanillubragði

**LÉTT**

**DRYKKJAR**

**JÓGÚRT**

**VANILLA**

**KOLVETNASKERT**

# SÍÐASTI SÉNS!



**TAX  
FREE**

**SNYRTIVÖRU  
DAGAR**

DAGANA 7.-11. JÚLÍ  
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT\*  
AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM

\*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

**HAGKAUP**  
*Skemmtilegast að versla*

# Búvörusamningar munu breytast

Bændur samþykktu búvörusamninga með afgerandi hætti í mars. Samningarnir langt frá því í höfn en ekki virðist vera meirihluti fyrir þeim á Alþingi. Samningurinn stemmir illa við tollasamning Íslands og ESB og í einhverjum tilfellum vinna þeir gegn hvorum öðrum.

Snærós  
Sindradóttir  
snaeros@frettabladid.is



**LANDBÚNAÐUR** Fyrir liggur að breytingar verði gerðar á nýjum búvörusamningum í meðförum Alþingis. Samtöl Fréttablaðsins við þingmenn benda til þess að ekki sé meirihluti fyrir samningunum eins og þeir liggja fyrir nú en margir stjórnarþingmenn segjast ekki munu samþykkja þá að óbreyttu.

Búvörusamningar Bændasamtaka Íslands og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins voru undirritaðir í febrúar á þessu ári. Þó að hefur verið til kosninga í haust en búvörusamningarnir eru eitt þeirra stóru mála sem þingmenn Framsóknarflokksins leggja áherslu á að klára fyrst.

Það sem einna helst hefur verið gagnrýnt þegar kemur að samningunum er langur samningstími, en þeir eiga að gilda í tíu ár með tveimur endurskoðunum á samningstímanum. Samkvæmt samningunum verður hægt á afnámi beingreiðslna til sauðfjábænda og sérstakur býlistuðningur tekinn upp.

Magntollar á osti verða færðir til þess sem þeir voru árið 1995. Samkvæmt Viðskiptaráði Íslands jafngildir það hækun úr 480 krónum á kíló í rúmar 1.000 krónur á kíló fyrir erlenda osta. Þetta samræmist ekki nýjum tollasamningi Íslands við Evrópusambandið. Sá samningur gerir ráð fyrir að tollfrjáls innflutningskvóti á ostum verði aukinn verulega. Þegar tollasamningurinn var kynntur sagði Gunnar Bragi Sveinsson, sem þá var utanríkisráðherra en er nú landbúnaðarráðherra: „Þetta er fagnaðarefni fyrir íslenska neytendur sem munu sjá þess stað í lækkuðu matvöruverði og útflytjendur sem munu vafalaust nýta sér þá möguleika sem í þessum samningum felast.“

Tollasamningurinn er líka umdeildur á Alþingi. Þann 15. júní síðastliðinn birtist grein á vef Bændablaðsins eftir Lilju Rafneyju Magnúsdóttur, þingmann VG, þar sem hún segir tollasamninginn ógna landbúnaði og byggðapróun. „Við Vinstri græn viljum verja



Bændur samþykktu búvörusamninga með afgerandi hætti í vor. Nú er mikil óvissa um framhald samninganna en ljóst er að Alþingi mun breyta þeim að einhverju leyti.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ég hef ekkert legið á þeirri skoðun minni að ég er mjög ósáttur við búvörusamningana eins og þeir liggja fyrir.

Guðlaugur Þór Þórðarson, varaþingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins



Með þeim tollasamningi sem hér liggur fyrir sé verið að ógna landbúnaðarframleiðslu í landinu.

Lilja Rafney Magnúsdóttir þingmaður Vinstri grænna



íslenska landbúnaðarframleiðslu og teljum að með þeim tollasamningi sem hér liggur fyrir sé verið að ógna landbúnaðarframleiðslu í landinu, og ekki bara henni heldur líka ótal

atvinnugreinum sem starfa til hliðar við frumframleiðslu í landbúnaði.“

Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður VG og fyrrverandi landbúnaðarráðherra, sagðist í samtali

við Fréttablaðið ekki munu samþykkja samninginn óbreyttan. Það sem vekur athygli í ræðum hans á Alþingi um búvörusamninga er að svo virðist sem Steingrímur þyki samningarnir ekki ganga nógu langt. Hann kallar eftir auknum stuðningi og talar mikið um bága stöðu sauðfjábænda. En svo segir hann: „Það er ekki hægt að sleppa því að ræða tollasamninginn í tengslum við þetta [...] Heyrast þær sögur úr stjórnarflokkunum að þetta tvennt sé algerlega samtvinnuð. Annar flokkurinn muni ekki greiða götu búvörusamninganna nema tollasamningurinn komi með eða öfugt. Er það svo, hestvirtur ráðherra? Er það hinn pólitíski dill?“

Guðlaugur Þór Þórðarson, vara-

þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, tekur í sama streng og margir samflokksmenn hans um búvörusamninga. „Ég hef áhyggjur af því að verið sé að stefna í hættu þeim árangri sem við náðum í hagræðingunni. Mér finnst að úrvinnslan eigi að vera eins og aðrar greinar undir samkeppnislögum og mér finnst að við ættum að setja okkur metnaðarfyllri markmið þegar kemur að þessari atvinnugrein varðandi gæði og heilnæmi vörunnar. Síðan verðum við að skoða þessi mál í samhengi við tollasamninginn við ESB. Ég hef ekkert legið á þeirri skoðun minni að ég er mjög ósáttur við búvörusamningana eins og þeir liggja fyrir.“ Hann muni gera hvað hann getur til að fá þeim breytt, segir hann. [snaeros@frettabladid.is](mailto:snaeros@frettabladid.is)



[www.volkswagen.is](http://www.volkswagen.is)

Nýr Volkswagen Caddy

## Glæsilegur vinnubíll

Við kynnum til leiks fjórðu kynslóð af vinsælasta atvinnubíli á Íslandi undanfarin ár. Enn meiri staðalbúnaður, aukin öryggi og öflugri vélar eru aðeins nokkur atriði sem gera hinn nýja Caddy svo aðlaðandi. Nú kemur Caddy líka í fimm og sjö manna fjölskylduútfærslu með nálgunarvara og loftpúðum fyrir öikumans- og farþegarými.

Nýr Volkswagen Caddy kostar frá

**2.670.000 kr.**

(2.135.226 kr. án vsk)



Atvinnubílar

HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.

[www.volkswagen.is](http://www.volkswagen.is)



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · [hekla.is](http://hekla.is) · umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



# NÝR L200 FLÝGUR ÚT



5 ÁRA  
ÁBYRGÐ



**Mitsubishi L200** er kominn með nýtt útlit, aukið rými og meiri snerpu. Þú finnur varla sterkbyggðari og áreiðanlegri bíl. Svo er hann svo notadrjúgur að erfið verkefni munu bara gleðja hann. Komdu og náðu þér í nýjan L200 áður en hann flýgur frá þér.

**Mitsubishi L200 Intense**  
6 gíra beinskiptur, fjórhjóladrifinn frá:

**6.890.000 kr.**

„Hér er því kominn bíll sem mjög auðvelt er að mæla með og sannast sagna átti reynsluökumaður alls ekki von á svo góðum bíl er hann var sóttur.“

**Finnur Thorlacius**, Fréttablaðinu



FYRIR HUGSANDI FÓLK

# Bandaríkjaforseti flýtir heimför sinni

Ekkert lát er á mótmælum vegna dauðsfalla svartra manna af völdum lögreglu. Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur flýtt heimför úr opinberri ferð til Spánar vegna ástandsins og hvetur til samstöðu. Ofbeldi gegn lögreglumönnum sé bjarnargreiði við málstaðinn.

**BANDARÍKIN** Ekkert lát er á mótmælum í Bandaríkjunum vegna nýlegra dauðsfalla svartra manna af völdum lögreglu. Mótmælin eru hvað hörðust þar sem þrjú menn voru skotnir til bana af lögreglu, Philando Castile í Minnesota, Alton Sterling í Louisiana og Delrawn Small í New York.

Á laugardag lokuðu mótmælendur í Minnesota vegum og ullu umferðartoppum, skutu upp flugeldum og grýttu grjóti að lögreglu.

Í Louisiana mættu liðsmenn hóps sem kalla sig Nýjan flokk svörtu pardusana, lögreglu, sumir þeirra vopnaðir. Tugir hafa verið handteknir þótt mótmælin hafi að mestu farið friðsamlega fram. Þá hefur lögregla þurft að beita tárágasi og gúmmikúlum.

Í New York fór fram friðsamleg mótmælaganga um miðja nótt, mótmælendur kyrjuðu: „Ekkert réttlæti – enginn friður.“

Í Dallas minntist fólk fimm lögreglumanna sem voru myrtir á mótmælasmáttakinu gegn lögregluofbeldi.

Barack Obama, Bandaríkjaforseti, hélt í gær í opinbera ferð til Spánar, en stytta ferð sína vegna ástandsins. Hann fer til Dallas á þriðjudag og mun þar halda ræðu á minningarhöfn um lögreglumennina fimm. Hann sagði ofbeldi í garð lögreglumanna skaða mannréttindabaráttu. „Hvenær sem einhver okkar sem hefur áhyggjur af sanningi í réttarkerfinu ræðst á lögreglumenn er




MYND/EPA

**Allt ofbeldi í garð lögreglumanna er vítaverður glæpur og það ber að ákæra fyrir slíkt.**

Barack Obama Bandaríkjaforseti


það bjarnargreiði við málstaðinn,“ sagði Obama í Madrid. „Allt ofbeldi í garð lögreglumanna er vítaverður glæpur og það ber að ákæra fyrir slíkt,“ sagði hann og hvatti til samstöðu. „Ég held að mikill meirihluti þeirra sem tengist Black Lives Matter-hreyfingunni vilji í rauninni sjá betra samband á milli lögreglunnar og samfélagsins,“ sagði Obama. [kristjanabjorg@frettabladid.is](mailto:kristjanabjorg@frettabladid.is)



MYND/AFP




MYND/AFP



MYND/EPA

Í Dallas minntist fólk lögreglumanna sem voru myrtir. Í Louisiana voru sumir mótmælenda vopnaðir. Mótmælendur ullu miklum umferðartöfum í mótmælum sínum í Minnesota í gær.



MYND/XAFP





**RENAULT**  
Passion for life

TIL AFGREIÐSLU STRAX

## RENAULT KANGOO

Renault atvinnubílar hafa slegið í gegn með hagstæðu verði, ríkulegum búnaði og úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla. Komdu og reynsluaktu nýjum Kangoo og láttu sölumenn okkar gera þér tilboð í nýjan Renault atvinnubíl.

[www.renault.is](http://www.renault.is)

**RENAULT KANGOO, DÍSIL**  
1,5 L. VÉL, 90 HESTÖFL

Verð: 2.411.000 kr. án vsk.  
2.990.000 kr. m. vsk.

Eyðsla 4,3 l/100 km\*

**ALVÖRU ATVINNUBÍLL**

GE bílar  
Reykjanesbæ  
[www.gebilar.is](http://www.gebilar.is)  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
[www.ib.is](http://www.ib.is)  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)



Sólarpakkar í júlí og ágúst!

Ótrúlegt verð!

# SÓLAR SÞÓÐHETUR SPRETTUR Plúsfærða

Dú færð þetta varla ódýrara!

Hefst í dag 11. júlí kl. 12:00  
og stendur í sólarhing!

Fleiri dagsetningar og verðdæmi á plusferdir.is!

## Kanarí

Roque Nublo ★★

FRÁ: 59.900 kr.\*

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð frá 76.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 13. júlí  
7 nætur

## Mallorca

Sol Alcudia Center ★★★

FRÁ: 69.900 kr.\*

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 91.400 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 26. júlí  
7 nætur

## Almeria

Arena Center ★★★★★

FRÁ: 84.900 kr.\*

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi.

**Hálft fæði** Verð frá 104.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 21. júlí  
7 nætur

## Benidorm

Paraiso Centro ★★

FRÁ: 69.900 kr.\*

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð frá 93.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 15. júlí  
7 nætur

## Albír

Albir Playa ★★★★★

FRÁ: 69.900 kr.\*

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í tvíbýli með morgunverði. Verð frá 82.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 22. júlí  
7 nætur

## Tenerife

Los Alisios ★★★★★

FRÁ: 99.900 kr.\*

á mann m.v. tvo fullorðna í íbúð með einu svefnherbergi.

Brottför: 16. júlí  
7 nætur



www.plusferdir.is

\* innifalið: Flug, skattar, gisting, taska og fararstjórn.

## Þetta fólk



Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

Það dylst engri heilvita manneskju hversu skelfilegar afleiðingar kynþáttahygja hefur á daglegt líf fjölda fólks á hverjum degi. Sú hugmynd að kynþætti fylgi ákveðnar eigindir hefur leitt af sér fordóma og hatur í gegnum aldirnar með hörmulegum afleiðingum. Hugmyndir byggðar á kynþáttahygju hafa lengi grasserað á meðal Íslendinga og hér, eins og víða um veröld, eru afleiðingarnar ómurlugar. Einstaklingar, börn sem fullorðnir, fjölskyldur og samfélagshópar sæta aðkasti og fordómum byggðum á litarafti þeirra, upprunalegu þjóðerni, trúarbrögðum eða öðru því sem samfélagið notar meðvitað eða ómeðvitað til þess að draga fólk í dilka.

Blessunarlega eru ekki margir yfirlýstir rasistar eða kynþáttahatarar á Íslandi en þeir eru því miður til staðar. En engu að síður virðast smásálarlegar hugmyndir kynþáttahygjunnar hafa komið sér þægilega fyrir hjá þjóðinni. Dálitið eins og hver önnur óværa sem á það til að gjósa upp fyrirvaralaust og brjótast fram í ólíklegasta fólki, skoðunum þess og orðræðu með alhæfingum og fordómum sem engum er sómi að en marga særir og skaðar.

Ein algengasta birtingamynd rasisma í íslensku samfélagi eru einfaldlega orðin „þetta fólk“. Með þeim er oftast en ekki vísað með neikvæðum hætti til ákveðins hóps sem deilir t.d. litarafti, uppruna eða trúarbrögðum. Í framhaldinu fylgir oft fullyrðing byggð á fáfræði um hvaða eigindir og hegðun séu einkennandi og allt er það neikvætt og skaðlegt í huga viðkomandi. Oftast en ekki fylgir fullyrðing um það sem ætti að vera betra fyrir „þetta fólk“ eins og t.d. að það eigi frekar að „vera heima hjá sér“ jafnvel þó svo það eigi heima á Íslandi eða að það „verði að aðlagast“ eða með öðrum orðum að það eigi að reyna að vera eins og viðkomandi.

Með þessum, að því er virðist, sakleysislegu fullyrðingum um „þetta fólk“ erum við í raun að næra fordómanna og hatrið. Næra rasisma og auka á þjáningar þeirra sem eru dregin í dilka, dæmd án dómstóls og refsað í daglegu lífi. En ef við viljum í raun og veru skapa hér mannvænt og gott samfélag, sem er væntanlega draumur okkar flestra, þá þurfum við að láta af þeim ósóma að næra rasískar hugmyndir.

Nú er sá tími löngu runninn upp að við tökum höndum saman um að útrýma rasisma úr íslensku samfélagi. Fyrsta skrefið getur verið að hvert og eitt okkar sé meðvitað um orð okkar og æði í daglegu lífi og í hvert sinn sem þessi orð „þetta fólk“ ætla að skreppa af tungunni eða bregða sér á lykilorðið, þá skulum við staldra við. Staldra við og leggja það á okkur að kynna okkur almennilega hvaða fólk þetta er sem við erum að draga í dilka. Við skulum lesa um þau, brosa til þeirra á götu, heilsa þeim, kynnast þeim og kannski bjóða þeim í fisk á þriðjudagskvöldi. Þá munum við auðvitað komast að því að „þetta fólk“ er eins og annað fólk. Það á sér drauma, vonir og þrár. Það elskar börnin sín, er heidarlegt og vill lifa í sátt og samlyndi í góðu mannvænu samfé-



Staldra við og leggja það á okkur að kynna okkur almennilega hvaða fólk þetta er sem við erum að draga í dilka.

## Halldór



## Frá degi til dags

**Kristileg löghlyðni**  
Tilraun presta í Laugarneskirkju til að veita hælsleitendum grið hefur leitt í ljós sérstæðan ágreining í söfnuði þjóðkirkjunnar. A meðan margir standa með viðleitni prestanna til að minna á kærleikann eru aðrir fokvondir og segja prestana hafa hvatt til lögleysu. Lögunum verði að fylgja. Jafnvel þótt þau leidi fólk í lífs-hættulegar aðstæður.

Sumir þeir sem mótmæla borgaralegri óhlýðni prestanna eru hinir sömu og mótmæltu því á sínum tíma að kirkjan fengi ekki að boða trú sína í skólum. Þannig virðist skipta máli í hverju óhlýðnin við íslensk lög felst.

**Föru einfaldlega í fylu**  
Prestarnir vöktu með athæfi sínu athygli á mikilvægum málstað og fengu fólk til að rýna í framgöngu stjórnvalda gegn varnarlausu fólki. Slikar aðferðir borgaralegrar óhlýðni hafa áður verið notaðar og stundum orðið mannkyni til framdráttar. Á meðan að þeir sem hæst hafa um óhæfu kirkjunnar hafa litið til síns máls og standa þínlega rökþrota.

Þeir föru í fylu og það er allt og sumt. Þeir sem hafa sagt sig úr þjóðkirkjunni geta ef til vill stofnað sinn eigin söfnuð, þar sem meiri áhersla er lögð á löghlyðni en þeim þykir gert í þjóðkirkjunni. Þá væri forvitni-legt að fylgjast með hvaða gildi úr kristinni trú slíkur söfnuður velur sér að hafa í hávegum.  
kristjanabjorg@frettabladid.is

## Lærdómurinn af Chilcot



Stefán Pálsson  
ritari Samtaka hernaðarand-stæðinga

Um fátt hefur verið fjallað meira í fjölmiðlum síðustu sólarhringa en rannsóknarskýrslu þá sem kennd er við Sir John Chilcot. Vinnan við skýrsluna, sem fjallar um aðdraganda og framkvæmd Íraksstríðsins, tók sjö ár. Hún er ógnarmikil að vöxtum og nánast samfelldur áföllisdómur yfir herleiðangri þeirra Tony Blair og George W. Bush í Írak.

Bresk blöð hafa ekki vandað Blair kveðjurnar og forsiður flestra þeirra hafa verið undirlagðar af flennifyrirsögnum um blekkingarvef forsætisráðherrans fyrrverandi. Skiptir þar litlu þótt mörg þessara dagblaða hafi á sínum tíma stutt stríðsreksturinn með ráðum og dæð.

Tony Blair er í dag ærulaus maður og er það vel. En það væru stórkostleg mistök að draga þann eina lærdóm af skýrslunni miklu að Blair hafi farið með ósannindi, stýrst af óskhyggju eða látið stjórnast af annarlegum hvötum. Chilcot-skýrslan sýnir okkur nefnilega fram á takmarkanir þeirra stofnana sem mestu ráða á sviði hermála í heiminum.

Skýrslan leiðir í ljós hvernig njósnastofnanir og ráðuneyti á Vesturlöndum voru ófær um að meta rétt stöðu mála í Írak, sjá fyrir framvindu mála eða túlka fyrirbyggjandi gögn. Svo virðist sem hasarmyndir frá Hollywood hafi verið notaðar sem heimildir um hvernig nýta mætti tæknibúnað og meintir sérfræðingar í innviðum fjarlægri ríkja hafi hvorki þangað komið né talað tungumál heimamanna.

Þetta er hinn raunverulegi lærdómur sem vert er að draga af skýrslu Chilcots. Tony Blair er útbrunninn stjórnmalamaður og rúinn trausti. Orðspor hans skiptir engu. En enn í dag treysta Vesturlönd á sömu stofnanir með sömu hugmyndafræði og sömu vanhæfni og leiddu til Íraksstríðsins 2003. Einfeldningsleg trú á hernaðarlegar íhlutanir í flóknum samfélögum er enn allsráðandi meðal Nató-þjóða, líkt og sjá hefur mátt í Líbýu, Jemen, Sýrlandi og Afganistan svo dæmi séu tekin. Áhrifalítill smárikí á borð við Ísland, sem studdu Íraksstríðsvitleysuna, hafa á engan hátt lagst í greiningu á utanríkisstefnu sinni til að fyrirbyggja að slík mistök endurtaki sig. Hvað sem öllum skýrslum líður virðast Vesturlönd staðráðin í að læra ekki af sögunni.



Skýrslan leiðir í ljós hvernig njósnastofnanir og ráðuneyti á Vesturlöndum voru ófær um að meta rétt stöðu mála í Írak.

## ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu



FRÉTTABLAÐIÐ  
... allt sem þú þarft

# Einn góðan veðurdag

Í DAG



Guðmundur  
Andri Thorsson  
rithöfundur

Ég heyrði á sunnudagsmorgni um daginn á Rás eitt Ríkisútvarpsins skemmtilegt samtali þeirra Jóns Ólafssonar og Ævars Kjartanssonar við Kristínu Jónsdóttur sagnfræðing sem kom mikilið við sögu í Kvænnaframboðinu og Kvænnafræðingum á sinni tíð og hefur skrifað um þessi framboð bókinna „Hlustaðu á þína innri rödd“.

## Sakna Kvinnó

Eftir þáttinn fór ég að hlusta á mína innri rödd og fann að ég saknaði Kvænnafræðingum; saknaði þess hvernig þær gátu stundum verið óvissar í sinni sök og leitandi í stað þess að knýja fram vilja sinn eins og við eigum að venjast frá stjórnmálamönnum, hvernig þær gátu einbeitt sér að því sem þær töldu skipta máli en hirtu síður um hitt; hvernig þær neituðu að láta eins og prófessjónal stjórnmálamenn; saknaði heilindanna sem einkenndi þær alltaf á hverju sem gekk, hugmyndanna, einlægninnar, andrúmsloftsins í kringum þær, fjörsins og leiksins sem var aldrei langt fjarri.

Svei mér ef rifjast ekki upp fyrir mér um hvað stjórnmál eiga að snúast – ekki frama og völd og auð einhverra stertimenna eins og stundum mætti ætla þegar fylgst er með fréttum af pólitík – ekki um mógæsingar og þaulræktað hatur milli hópa og þjóða – ekki um þessi eilífu fundasköp og umræður um fundarstjórn forseta sem alltaf verið að ræða hér – og ekki um spælingaframleiðslu netfréttamennskunnar þar sem sifell er verið að segja okkur frá nafngreindu fólki sem „hraunar yfir“ og



**Flokkar eru valdastofnanir og útdeilingarstofur á gæði og þeir hafa tilhneigingu til að vilja viðhalda sér.**

„hjólar í“ samborgara sína eins og slíkt háttarlag sé í frásögur færandi eða háttur síðaðs fólks.

Stjórnmál snúast um að leysa aðkallandi verkefni þannig að samfélagið gangi og verjast atilögum sérhagsmunaseggja sem vilja sölsa undir sig sameiginlegar eigur. Þau snúast um að láta skólana ganga og vegina vera opna. Þau snúast um spítalana og almenningsklósettin. Og svo framvegis.

## Hvar er draumurinn?

En þau snúast líka um annað og meira, og kannski síður áþreifan-

legt. Í grein í nýjasta hefti TMM færir Þróstur Ólafsson það í tal að vinstri menn hafi einhvers staðar í allri varnarbaráttunni gagnvart eyðingaröflum skefjalausrar markaðshyggju misst frá sér útópíuna sem er svo mikilvægur aflvaki í öllu pólitísku starfi – misst sjónar á framtíðinni. Vinstri menn hættu að sjá fyrir sér einn góðan veðurdag þegar allt verður gott. Verkalýðshreyfingin litur á það sem sitt meginhlutverk að halda verðbólgu í skefjum, sem er virðingarvert, en það kemur stundum út eins og baráttu hennar snúist fyrst og fremst um að halda launum almennings, millistettarinnar, niðri. Verkalýðshreyfingin hefur líka verið svo föst í atvinnustefnu síðustu aldar að hún hefur ekki náð sambandi við samtök umhverfisverndarfólks, sem hafa gert að sínum mikilvægustu mál okkar tíma, sjálfa framtíð mannkyns á jörðinni.

Og þannig mætti ganga á röðina og skoða samtök og flokka sem alþýðufólk kom á fót á síðustu öld í baráttunni um brauðið og lífsbjörgina. Neistinn dofna og baráttan snýst um að halda í horfinu, láta

ekki ganga á réttindi sem tók mikla elju að ná fram.

En stjórnmál þurfa líka að snúast um einn góðan veðurdag. Þau þurfa að snúast um tilfinningu fyrir einhverjum áfangastað í ótilgreindri framtíð þar sem við viljum að afkomendur okkar geti átt gott líf; að baráttu okkar leiði til þess að heimurinn verði svolítið betri, þar sem orð eins og „góður“ eru ekki notuð í niðrunarskyni af fólki sem aðhyllist hatur og ótta. Þau snúast um hamingjudrauminn.

Flokkar eru valdastofnanir og útdeilingarstofur á gæði og þeir hafa tilhneigingu til að vilja viðhalda sér. Það gerðist til dæmis þegar Samfylkingin var stofnuð í kjölfar velgengni Reykjavíkurlistans. Þá voru lagðir niður þeir flokkar sem runnu saman – Alþýðuflokkur, Alþýðubandalag, Kvænnafræðingur og (Þjóðvaki, sem varla var annað en vettvangur fyrir framboð Jóhönnu Sigurðardóttur). Hinn eini sanni og eilífu fjórflokkur sem alltaf er á vinstri kantinum. Þetta gekk nokkuð vel, þangað til Alþýðu-

bandalagsmenn notuðu fyrsta tækifærið sem gafst til að laumast út bakdyramegin og stofna VG, sinn gamla flokk með nýrri kennitölu sem væri laus við „kratana“. Og kratarnir gerðu allt sem þeir gátu til að breyta SF í Alþýðuflokkinn. Ég fór að hugsa um þetta eftir að ég hafði hlustað á hana Kristínu tala við þá Ævar og Jón í útvarpinu: Eiginlega var Kvænnafræðingur eini flokkurinn sem lagði sig niður af heilindum þegar Samfylkingin var stofnuð. Og þar starfa þær sumar enn, við góðan orðstír.

En þær höfðu þetta í Kvinnó – þessa tilfinningu fyrir einum góðum veðurdegi. Þessa starfsgleði þess sem starfar að stjórnmálum til að gera heiminn betri fyrir afkomendurna. Því fylgi einhver leikur, frjálsræði og fjör. Þetta andrúmsloft færðist svo yfir í Besta flokkinn og þaðan – vonandi – í Piratana. Kvinnó var kannski eini flokkurinn sem lagði sig niður af heilindum við stofnun SF en andi þeirra og hugsjón er þó lífvænlegri en hinna flokkanna sem neituðu að fara.

# MS – Og hvað svo?



Ingimar Karl  
Helgason,  
blaðamaður og  
félagi í VG

Það er alveg ljóst að það eru þengir sjóðir í félaginu sem hægt er að ganga í þannig að svona sektir, hvort sem það eru 100 milljónir, 1000 milljónir eða 2000 milljónir koma bara frá einum stað. Úr vösum neytenda.“ – Ari Edwald, forstjóri MS í fréttum RÚV.

Mjólka ætlaði að keppa við risann, en var glepytt. Aðferðin varð Samkeppniseftirlitinu tilefni til að leggja mörg hundruð milljóna króna sekt á fyrirtækið. Forstjórinn strengir þess heit að þú kæri lesandi munir borga sektina. Enginn vill sitja aðgerðarlaus undir slíku. En hvað á að gera?

Mjólka eða léttmjólka, smjör, ostur, skyr og jafnvel rjómi kallast nauðsynjar á flestum heimilum. Er málið að sniðganga MS? Sýna óánægju í verki með því að versla við þá keppinauta sem enn eru til? Hversdagslegar mjólkurhillur í matvörubúðinni virka eins og þær hafi verið hannaðar til að kæla niður eldmóðinn. Það virðast fáir kostir í boði aðrir en að borga sektina.

Í grunninn snýst málið um framferði stjórnenda fyrirtækis sem spila á regluverk sem hyglar því sérstaklega. Það býr við forréttindi sem voru veitt með lögum. Lögin þarf



**Í forréttindum handa einum er fölgjóð óréttlæti allra hinna.**

ad endurskoða eða afturkalla. Þetta er verkefnið framundan.

Fákeppni er orð sem oft heyrst í fréttunum. Hér finnst varla sá bransi að nota þurfi alla fimm fingur annarrar handar til að telja upp keppinautana. Olía, apótek, bankar, matvara, heimsendar pizzur. Engum finnst fákeppni góð. Hvað segjum við um einokun?

Ranglæti er líklega það orð sem kemst ansi nálægt því að lýsa stöðunni. Í forréttindum handa einum er fölgjóð óréttlæti allra hinna.

Almenningur byrjar að tapa þegar samkeppnislögin eru sniðgengin. Beinn og óbeinn skaði bitnar á okkur.

Við höldum svo áfram að tapa þegar við komumst ekki hjá því að greiða sektina sem sá brotlegi leggur á okkur með verðhækkun. Enn tapar almenningur þegar matarkörfur og mötuneyti berast til Hagstofunnar. Samkeppniseftirlitinu er orðin að verðbólgu. Rökin fyrir lögvernduðum forréttindum eins liggja ekki í augum uppi. Ekki snýst þetta um fæðuöryggi eða sérstöðu landbúnaðar norður í hafi. Hvorki garðyrkja né kjöttframleiðsla fá svoleiðis, ekki frekar en annar fyrirtækjarekstur.

Við sem ekki sættum okkur við framferði og aðstöðu MS getum sýnt hug okkar í verki og látið til okkar taka í kælinum. En það þarf meira til. Lögjafur veitti einum réttindi umfram aðra. Þetta verður kosningamál í haust, en hvað svo? Þingmenn verða að skoða málið frá grunni. Alþingi verður að taka málið föstum tókum og leiða til niðurstöðu. Þar þurfa hagsmunir almennings að vera númer eitt. Það er ekkert annað í boði.

**SÉRHÆFUM OKKUR Í ÞRIFUM FYRIR HÚSFÉLÖG**

**VÖNDUÐ VINNUBRÖGD**

**Húsfélagabjónustan ehf.**  
Sími 555-6855  
www.husfelag.is • husfelag@husfelag.is

## Norrænu krabbameins-samtökin (NCU) auglýsa eftir umsóknum um styrki til krabbameinsrannsókna

Rannsóknirnar skulu byggja á samstarfi vísindamanna norrænu landanna og hafa að markmiði að:

- Auka þekkingu og skilning á krabbameinum
- Aukin skilvirkni forvarna
- Efla árangur í krabbameinsmeðferðum og endurhæfingu
- Auka virkni í beitingu krabbameinsmeðferða í norrænu löndunum

Umsóknum skal skilað fyrir kl. 13 þann 1. sept. 2016. Nánari upplýsingar um umsóknir eru á [www.ncu.nu](http://www.ncu.nu)

Krabbameinsfélag Íslands hefur verið meðlimur í Samtökum norrænna krabbameinsfélaga, Nordic Cancer Union (NCU) í yfir 60 ár. Samtökin leggja áherslu á að styðja vísindarannsóknir á krabbameinum og nema árlegir styrkir um 750.000 Evra eða 105 milljónum íslenskra króna.

[www.krabb.is](http://www.krabb.is)

Krabbameinsfélagið

**Portúgalar Evrópumeistarar í fyrsta sinn – þökk sé marki Éders**

**Einlægur fögnuður** Éder var hetja Portúgala gegn Frökkum í úrslitaleik EM 2016 á Stade de France í gær. Éder, sem mistókst að skora í 15 leikjum með Swansea City á síðasta tímabili, kom inn á sem varamaður á 79. mínútu og þegar 11 mínútur voru eftir af framlengingunni skoraði hann markið dýrmæta með góðu skoti. Cristiano Ronaldo fór meiddur af velli í fyrri hálfleik en Portúgalar sýndu mikinn styrk. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**Ofboðslega sátt við þetta**

Aníta Hinriksdóttir og Ásdís Hjalmsdóttir enduðu báðar í 8. sæti í sínum greinum á EM í frjálsum íþróttum á laugardaginn. Ásdís kveðst ánægð með árangurinn sem gefur góð fyrirheit fyrir Ólympíuleikana í Ríó.

